


## Skólastjórar í grunnskólum

Hvernig fólk eru skólastjórar og hvað fást þeir aðallega við?

Í nýjustu útgáfu árlegs rits OECD [Education at a Glance](#) frá 2016 er leitað svara við þessum og fleiri spurningum um skólastjóra. Umfjöllunin byggir á svörum úr TALIS könnun frá 2013 og tekur til skólastjóra í efri bekkjum grunnskóla (*lower secondary education*).


Hér að neðan er útdráttur úr þessari umfjöllun. Niðurstöður frá tíu löndum við spurningum um kynjahlutföll, aldursdreifingu, kennsluskyldu og nokkur algeng viðfangsefni skólastjóra eru borin saman við meðaltal OECD-landanna allra.

*Mynd 1* sýnir kynjahlutföll skólastjóra í löndunum tíu. Eins og sjá má þá er það mjög fátítt að konur stjórni skólum í Japan þar sem aðeins um 6% skólastjóra eru konur. Heldur fleiri konur en karlar eru skólastjórar á Íslandi, Svíþjóð og Noregi en í Danmörku og Finnlandi er því öfugt farið eins og algengast er í OECD-löndunum. Það vekur athygli hvað hlutfall danskra kvenna í stöðu skólastjóra er langt undir OECD-meðaltalinu.




*Mynd 1*

Á mynd 2 má sjá aldursdreifingu skólustjóra í sömu löndum. Meðalaldur þeirra í hverju landi er tilgreindur í sviga aftan við nafn viðkomandi lands. Meðalaldur íslenskra skólustjóra þegar könnunin var gerð var 50,9 ár sem er rúmu ári undir OECD-meðaltalinu sem er 52,2 ár. Algengt er að skólustjórar séu á aldrinum 50 til 59 ára. Japanskir skólustjórar eru áberandi elstir eða 57 ára að meðaltali.




Mynd 2

Mynd 3 sýnir skiptingu skólastjóra viðkomandi lands í þrjá hópa. Þá sem eru í **fullu starfi** ( þ.e. 90% starfshlutfall eða meira) **án kennsluskyldu**, þá sem eru í **fullu starfi með einhverja kennsluskyldu** og þá sem eru í **hlutastarfi** (undir 90% starfshlutfalli). Eins og sjá má þá er það víðast fátítt að skólastjórar séu í hlutastarfi þó að nokkur dæmi finnist um það, helst á Íslandi og í Noregi. Flestir skólastjórar hafa enga kennsluskyldu. Undantekning frá þeirri reglu er Finnland þar sem aðeins fjórðungur skólastjóra er undanþeginn allri kennsluskyldu. 58% íslenskra skóalstjóra í fullu starfi er undanþeginn allri kennsluskyldu.



Mynd 3


Á næstu fjórum myndum kemur fram hve hátt hlutfall skólustjóra í hverju landi segist **oft** eða **mjög oft** hafa tekist á við viðkomandi verkefni **síðastliðna 12 mánuði** áður en könnunin var gerð. Sýnd eru svör við spurningum um tíðni **samráðs með kennurum vegna agamála** (mynd 4), um það hversu algengt það sé að **skólustjórinn fylgist með kennslustundum kennara sinna** (mynd 5), hvort hann þurfi oft að takast á við **vandamál vegna stundatöflu** (mynd 6) og hve algengt það sé að skólustjórinn hafi **samráð við skólustjóra annarra skóla** (mynd 7). Á síðustu myndinni (mynd 8 – uppl. um Finnland vantar) kemur fram að langflestir skólustjórar í könnuninni höfðu tekið þátt í **námskeiði, ráðstefnu eða fræðsluferð** á 12 mánaða tímabili fyrir könnunina. Meðaldagafjöldi sem fór í slík verk kemur fram í sviga aftan við nafn hvers lands.




Mynd 4




Mynd 5



Mynd 6



Mynd 7



Mynd 8

